

## STF-2017-11 Rófur úr héraði

Hugmyndin og markmiðið er að hanna uppskrift úr rófum sem eru ræktaðar á Maríubakka í Skaftárhreppi, þar sem að annarsvegar rófan sjálf yrði aðal hráefnið og hinsvegar sem meðlæti. Grundvallaratriði er að fá matreiðslumeistara til að útbúa uppskrift af grænmetisrétti úr rófum og/eða tillögum að meðlæti með öðrum mat úr héraði s.s Klausturbleikju, kjöti úr héraði t.d frá Seglbúðum, Borgarfelli eða Breiðabólstað eða annarra matvælaframleiðanda úr héraði. Afrakstur þeirrar vinnu gætu hótél og veitingastaðir í Skaftárhreppi nýtt sér á matseðli og jafnframt yrði unnin umfjöllun eða kynning á hráefninu sem neytandi gæti kynnt sér þegar þeir t.dvelja sér mat af matseðli eða dvelja á staðnum. En eitt af markmiðum verkefnisins er að ferðalangurinn/gesturinn sækir sér einstaka vöru og upplifun frá á svæðinu sjálfu um leið og framleiðsla á hráefni innan héraðsins sé nýtt.

Verkefninu var úthlutað kr. 500.000.- árið 2017.